

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 16. fundur skólanefndar
14. desember 2004

Mætt : Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Sveinn Þór Elinbergsson, Eyþór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Útboð á rekstri mötuneytis

Farið í gegnum eina tilboðið sem barst og rætt um helstu þætti þess. Rætt um hvaða möguleikar eru í stöðunni.

Lagt til að hafna tilboði og ganga til samninga við tilboðsaðila. GA falið að vinna að málinu áfram.

3. Ráðning nýrra starfsmanna

Gengið hefur verið frá ráðningu kennara í eftirfarandi fög: spænsku, næringarfræði, félagsfræði og þjóðhagfræði. Auglýst hefur verið eftir kennurum í íþróttir, frönsku og photoshop. Til viðbótar eru núverandi starfsmenn komnir með kennslu m.a. í íslensku, stærðfræði og bókfærslu.

4. Vígsla skólahúsnæðis

Verið er að vinna við að ganga frá gestalista, dagskrá og boðskortum.

5. Annað

a) Nýr nemandi úr Staðarsveit sem þarf að koma á rútu. Rætt um hver skylda skólans sé í slíkum málum.

b) Kennslukannanir: ekki var nægileg þátttaka í nokkrum áföngum, ákveðið hefur verið að leggja þær fyrir með öðrum hætti í lok næstu annar.

Fundi slitið kl. 17:50